

Heimsókn til eldri borgara

Heimsókn til félagsstarfs aldraðra á Löngumýri. Það eru 7. bekkur og 10. bekkur sem fara í þessar heimsóknir.

Nemendur labba frá skólanum 1,5 km að Löngumýri. Í heimsókn 10. bekkjar er sungið, nemendur lesa upp, stundum er gripið í spil, spjallað og þegin góð miðdagshressing.

Þegar 7. bekkur fer í heimsókn er áhersla lögð á að nemendur lesi texta upp sem þeir hafa æft sig með fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Síðan þiggja nemendur hressingu og spjalla við eldri borgara.

